

Náum betri árangri

málstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál

Haldin í Skriðu, sal Menntavísindasviðs Háskóla Íslands 6. október 2008.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Náum betri árangri

Niðurstöður málstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál sem haldið var í Reykjavík.

6. október 2008.

Umsjón með útgáfu: Svandís Ingimundardóttir.

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir.

© Samband íslenskra sveitarfélaga - Próunar- og alþjóðasvið 2009.

Borgartúni 30.

Pósthólf 8100.

128 Reykjavík.

Sími: 515 4900.

Netfang: samband@samband.is

Veffang: www.samband.is

2009/1

Dagskrá


- 08:30 Skráning
- 09:00 **Ávarp**
Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands
Setning
Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík
- 09:10 **Skólastefna sveitarfélaga – kvöð eða tækifæri til að auka árangur í starfsemi skóla?**
Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Alta ehf.
- 09:35 **Skilvirk nýting fjármagns í leik- og grunnskóla**
Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga
- 10:00 **Stefna íslenskir grunnskólar í afburðaárangur?**
Brynja Dís Björnsdóttir verkefnastjóri
- 10:25 K a f f i h l é
- 10:45 **Ytra mat – lykill að árangursríku skólastarfi eða tímasóun?**
Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri
- 11:10 **Eftirlit - til hvers og í hvers þágu?**
Guðjón Bragason, sviðsstjóri Lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 11:35 **Er hlutverk kennarans fyrir borð borið?**
Kristinn Kristjánsson, fv. sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- 11:50 **Umræðuhópar starfa:**
Ytra mat sveitarfélaga / hagnýting skólastefnu
Afburðaárangur í leik- og grunnskólastarfi
Skilvirk nýting fjármagns við rekstur leik- og grunnskóla
Hlutverk sambandsins / þörf sveitarfélaga
- 12:45 M a t a r h l é
- 13:30 **Rannsóknir á högum skólanema og stefnumótun í skólastarfi**
Póroddur Bjarnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs forvarna
- 14:00 **Er hægt að færa íslenska nemendur úr meðalmennskunni?**
Leiðréttingar sem PISA og PIRLS geta opnað að umbótum í íslensku skólastarfi næstu 10 ár
Almar M. Halldórsson verkefnastjóri
- 14:30 **Umræður og samantekt**
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
- 15:00 Málstofulok
Fundarstjórar:
Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands
Oddný Harðardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Garðs

Inngangur

Samband íslenskra sveitarfélaga og skólamálanefnd sambandsins stóðu fyrir málstofu um skólamál öðru sinni, þann 6. október sl. í Skriðu, sal menntavísindasviðs Háskóla Íslands, undir yfirskriftinni *Náum betri árangri*. Er þetta í annað sinn sem haldin er málstofa á vegum sambandsins um skólamál. Sú fyrsta var haldin árið 2006 og finna má samantekt hennar á meðfylgjandi slóð.¹

Markmið málstofu sambandsins um skólamál er fyrst og fremst það að koma á samráðsvettvangi fræði- og fagmanna á sviðinu, sveitarstjórnarmanna sem ákvarða stefnumótun sveitarfélags og starfsmanna sveitarfélaga sem framfylgja henni. Þeim er ætlað að skapa virkan samræðugrundvöll þessara aðila þar sem ávinningurinn verður möguleikinn á beinni hagnýtingu niðurstaðna og upplýsinga inn í stefnumörkun sveitarfélaga í skólamálum sem að öllu jöfnu er einn fjárfrekasti málaflökkur hvers sveitarfélags.

Að þessu sinni var fjallað um með hvaða hætti árangur í skólastarfi er metinn, bæði faglegur sem rekstrarlegur, með innlendum mælikvörðum og í alþjóðlegum rannsóknnum eins og PISA, PIRLS og ESPAD og hvernig hagnýta má rannsóknaniðurstöður beint inn í stefnumótun sveitarfélaga varðandi skólalald. Leitað var svara við spurningum eins og: Er fjármagn til skólalalds nýtt með skilvirkum hætti hérlandis? Stefnir eitt dýrasta skólakerfi heims markvisst að hámarksárangri? Hver eru áhrif og hlutverk kennarans? Með nýjum lögum um leik- og grunnskóla eru lagðar auknar skyldur á sveitarfélög við ytra mat á gæðum skólastarfs og gerð skólafestnu jafnframt lögbundin. Getur skólafestna



sveitarfélags e.t.v. orðið það verkfæri sem nauðsynlegt er til þess að uppfylla þessar nýju skyldur laganna? Hver eru viðhorf hagsmunaaðila?

Jón Torfi Jónasson, nýskipaður forseti hins nýja Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ávarpaði málstofugesti við upphaf málstofunnar og bauð velkomna í Skriðu. Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík setti málstofuna, en hann á jafnframt sæti í skólamálanefnd sambandsins. Eftirtaldir héldu erindi á málstofunni: Björg Ágústsdóttir, fv. bæjarstjóri í Grundarfirði og verkefnisstjóri MPM hjá Alta ráðgjafarfyrtæki, Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Vogum, Brynja Dís Björnsdóttir, kennari og verkefnisstjóri MPM, Kristín Dýrfjörð, matsfræðingur og lektor í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri, Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins, Kristinn Kristjánsson, fyrrverandi sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri og Almar M. Halldórsson, verkefnisstjóri PISA á Íslandi hjá Námsmatsstofnun. Málstofustjórar voru Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands, og Oddný Harðardóttir, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Garði. Þær sitja einnig í skólamálanefnd sambandsins. Að loknum erindum fyrir hádegisd fóru fram umræður í 3 umræðuhópum sem tengdust beint viðfangsefni fyrirlesara.

- Ytra mat sveitarfélaga/hagnýting skólafestnu
- Afburðarárangur í leik- og grunnskólastarfi
- Skilvirk nýting fjármagns við rekstur leik- og grunnskóla

Umræðustjórar voru Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, Gunnar Gíslason fræðslustjóri á Akureyri og fulltrúi í skólamálanefnd sambandsins, og Margrét Björk Svavarsdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar. Ritarar voru í hverri málstofu og verður gerð grein fyrir helstu þáttum umræðna síðar í skýrslunni. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar fékk að síðustu það verkefni að taka saman helstu þætti málstofunnar í lok dags og slíta málstofunni. Starfsmenn málstofunnar voru úr röðum starfsfólks sambandsins og sáu m.a. um ritarastörf í umræðuhópum, skráningu þátttakenda og hönnun og umbrot gagna. Öllu þessu góða fólki sem lagði hönd á plóg við skipulagningu og framkvæmd málstofunnar er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag og gott samstarf.

¹ <http://www.samband.is/template1.asp?id=1761>

Hægt var að fylgjast með erindum málstofunnar samhliða en þeim var sjónvarpað beint með fjarfundabúnaði Mennta-
vísindasviðs. Gátu þeir sem ekki höfðu tök á því að mæta
sjálfir hlýtt á erindin um leið og þau voru flutt eða farið síðar
inn á **vefslóðina**² og sótt fyrirlestrana eftir hentugleikum.

Alls sóttu um 120 manns málstofuna, töluvert færri en skráð
höfðu sig til leiks. Skýringar þess má bæði rekja til óveðurs
og ófærðar, í lofti og á láði, ásamt þeirri staðreynd að mál-
stofuna bar upp á þá daga þegar íslenska bankakerfið hrundi
með tilheyrandi áhrifum á sveitarfélög landsins. Samband
íslenskra sveitarfélaga og skólamálanefnd vilja þakka mál-
stofugestum fyrir virka og góða þátttöku. Við erum þess

² <http://sjonvarp.khi.is/eldra2008.htm>

fullviss að slíkur samráðsvettvangur hagsmunaaðila, þar
sem leidd eru saman ólík, og á stundum andstæð, sjónarmið
sé bæði nauðsynlegur og til þess fallinn að efla umræðu
um framþróun skólastarfs í sveitarfélögunum og undirstriki
mikilvægi þess að slík umræða sé tekin sameiginlega af
þeim aðilum. Málstofa sambandsins um skólamál er komin
til að vera og verður haldin annað hvert ár en hitt árið fer
fram Skólalæping sveitarfélaga.

Hér á eftir fer yfirlit erinda, meðfylgjandi gagna og helstu
punktar umræðna og fyrirspurna.



Ávarp

Jón Torfi Jónasson



Jón Torfi Jónasson, nýskipaður forseti hins nýja Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ávarpaði gesti við upphaf málstofu og bauð velkomna í Skriðu til umræðna um það hvernig náð verði betri árangri í málefnum skóla og menntunar. Hann nefndi þá miklu grósku sem verið hefði í starfi Kennaraháskólans og núverandi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (Mvs) undanfarin ár og gerði sérstaklega þá þætti að umræðuefni er snertu samstarf sviðsins og sveitarfélaganna beinlínis.

1. Unnið hefur verið ötullega að auknu samstarfi milli Mvs og skólanna um menntun og starfsþjálfun kennara.
2. Samstarf skólanna og Mvs um þróun og rannsóknir hefur verið aukið og birtist m.a. í áætlun sem nefnd hefur verið *Markvís áætlun* verkefni um samstarf í þróun á vettvangi skólanna og rannsakenda háskólanna. Jón Torfi bindur vonir við að þetta verði fyrsta skrefið í nánú samstarfi sveitarfélaga almennt og rannsakenda í háskólum.
3. Aukin samræða milli hagsmunaaðila, hreinskiptin, gagnrýnin umræða sem leiðir til breytinga, umbóta og þróunar. Jón Torfi ræðir fyrirkomulag þessara samskipta og framtíðarumræðu á fundi með skólamálanefnd sambandsins þann 11. nóvember nk.
4. Síðast en ekki síst er umræða og samráð um framþróun almennrar fræðslu og símenntunar sameiginlegt hagsmunamál sveitarfélaga sem reka leik- og grunnskóla og Menntavísindasviðs.

Jón Torfi sagðist myndi beita sér af krafti fyrir því að starf þetta dafni áfram og taldi fullvíst að mikillar grósku myndi gæta í þessum samskiptum öllum því þýðingarmikil væru þau. Hann þakkaði fyrir að fá tækifæri til að ávarpa málstofu sambandsins um skólamál, fannst það táknað sem sitt fyrsta embættisverk og undirstrika þá miklu rækt sem leggja þarf við þetta samstarf á næstu árum. Jón Torfi óskaði að lokum málstofugestum frjórrar umræðu við það sameiginlega verkefni að menntakerfið nái sífellt betri árangri.



Setningarávarp

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar og fulltrúi í skólamálanefnd sambandsins, setti málstofu sambandsins og fór yfir tilgang hennar og áherslur, hverjir væru tilkvaddir, til hvers væri ætlast af þátttakendum og hvers vænta mætti af afrakstri hennar. Hann ræddi um skilgreiningu hugtaksins árangur eftir samhengi þess hverju sinni, hegðun og afrakstur, t.a.m. námsárangur, rekstrarárangur, stjórnun til árangurs og árangursstjórnunarsamninga. Skýr sýn, vilji til góðra verka, marviss áætlun með skilgreindum mælikvörðum, eftirfylgni og kerfisbundið lærdómsferli. Getum lært af stjórnunaraðferðum fyrirtækja og stofnana. Ferli sem ræðst af orsakasamhengi sem stjórnendur geta haft áhrif á.

Ragnar gerði að umtalsefni rekstrarkostnað sveitarfélaga vegna grunnskólareksturs en þau eru allt frá 22% til 72% af skatttekjum hvers sveitarfélags að teknu tilliti til jöfnunarsjóðsframlaga. Hann velti upp þeirri spurningu hvort aukið fjármagn hefði tryggt betri árangur í skólastarfi. Í samanburði við þau lönd sem við berum okkur gjarnan saman við þá eru framlög til grunnskólamála hérlendis mjög há án þess að við komumst í fremstu röð hvað námsárangur varðar. Fækkað hafi umtalsvert í bekkjardeildum eftir að grunnskólinn færðist yfir til sveitarfélaga og um 40% aukning hafi orðið á fjölda stöðugilda í grunnskólum. Ragnar taldi að leita þyrfti orsaka í innri gerð skólastarfsins fremur en að frekara fjármagn þyrfti til reksturs. Hann sagði grunnskólann í landinu þurfa að leita leiða til efla hvort tveggja í senn: námsárangur nemenda og stjórnunar- og rekstrarlegan árangur skólastarfs. Hann sagði rannsóknir skorta á gæðum skólastarfs, árangri nemenda og áhrifaþáttum þar á. Þá ræddi Ragnar um notkun árangursstjórnunarsamninga í grunnskólastarfi sem dæmi eru þekkt af í nágrannalöndum okkar og taldi fulla ástæðu til að skoða hér hjá okkur. Þeir eru nokkurs konar rammi utan um skilgreind samskipti starfsmanna sem öll miða að bættum árangri starfseminnar. Þeir eru settir í samhengi við aukna fagmennsku kennara, umbætur í skólastarfi og sterkari tengingar launa og frammistöðu starfsfólks. Tengja þyrfti launagreiðslur við markmið í starfsáætlun skólaársins sem mið tæki af skólastefnu sveitarfélags. Hann sagði slíka samninga verða að byggjast á trausti og gagnsæju samstarfi stjórnenda og kennara. Þeir hefðu haft jákvæð áhrif á starfsanda kennara og eflt starfsþróun þeirra þar sem hann þekkti til erlendis frá. Ragnar lagði mikla áherslu á faglega forystu skólastjórans sem lyklatríði þegar kemur að árangursríkum skóla. Forysta hans og aðferðir við stjórnun móti starfshætti og leggi grunn að framþróun. Sveitarstjórnir verða að gera framsæknum skólastjórum það kleift að efla skólaþróun og auka árangur í skólastarfi eins og framast væri unnt.

Ragnar Þorsteinsson



Að lokum sagði Ragnar íslenska grunnskólann vera á spennandi tímamótum. Helstu hagsmunaaðilar grunnskólastarfs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hefðu bundist samstökum um sameiginlega sýn á skólastarf til framtíðar. Ný leik- og grunnskólalög væru komin fram og bjóða upp á margvísleg tækifæri og nýjungar. Hann sagði nauðsynlegt að efla umræðuna samhliða um aukinn árangur í skólastarfi og um menntarannsóknir meðal fræðimanna og skólasamfélags. Þá vonaðist hann til þess að málstofan yrði þátttakendum bæði fróðleg og skemmtileg og til þess fallin að auka þekkingu okkar á markvissum aðgerðum í skólastarfi sem leiða til framsækinnna, faglegra og árangursríkari skóla.



Skólastefna sveitarfélaga

kvöð eða tæki til að auka árangur í starfsemi skóla?

Erindið byggði Björg m.a. á niðurstöðum rannsóknar sinnar í meistaranámi í verkefnastjórnun (MPM) frá verkfræðideild Háskóla Íslands vorið 2008, um einkenni á stefnumótun sveitarfélaga, þar sem skólastefnur voru teknar sem dæmi. Þar var m.a. skoðað hvaða hvati hafi búið að baki ákvörðunum um að móta skólastefnu hjá sveitarfélögum sem það höfðu gert, fyrir gildistöku núgildandi grunnskólalaga, en þá var ekki lagaskylda sveitarfélaga að setja skólastefnu.

Í erindi sínu fjallaði Björg um ákvæði nýrra laga um leik- og grunnskóla sem eru hluti af nýrri menntastefnu ríkisstjórnarinnar. Setning skólastefnu væri þar með orðið lögbundið verkefni sveitarfélaga. Forvitnilegt yrði að sjá hvort þau líti á setningu slíkrar stefnu sem kvöð eða tækifæri fyrir sveitarfélög og skóla til samstarfs um skólastarf og framþróunar, hvort þau sjái færi á að nýta stefnumótunina til að auka þátttöku hagsmunaaðila, t.d. nemenda og foreldra í skólastarfinu. Hvort tveggja gæti haft áhrif á árangur í skólastarfi að mati Bjargar, og stefnumörkun þannig komin í meira mæli heim í hérað.

Þá nefndi hún sérstaklega aukin tengsl skóla og samfélags með tilkomu skólaráða ásamt því að foreldraráð leiksskóla væru nú lögbundin, sem og foreldrafélög á báðum skólastigum og nemendafélög grunnskóla. Tengsl, þátttaka og áhrif hagsmunaaðila væru þannig aukin frá eldri lögum og aðkoma þeirra að stefnumörkun, stjórnun og starfsemi skólanna þar með.

Þá fjallaði hún um nokkrar kenningar um stefnumiðaða stjórnun, og tók þar upp þráðinn úr inngangserindi Ragnars Þorsteinssonar, kenningar um þátttöku hagsmunaaðila í skólastarfi og um einsleitni stofnana.

Björg komst að þeirri niðurstöðu að tækifæri til aukins árangurs, til þess að sú dýrmæta vinna sem liggur að baki stefnumótun nýtist sem best, felist í því að greina tilgang stefnumótunarvinnunnar í upphafi ásamt því að tryggja þátttöku mikilvægra hagsmunaaðila. Megin uppistaðan í efni við stefnu er framlag þátttakenda. Þá þurfi að greiða aðgang annarra áhugasamra um verkefnið og tengja stefnumótun betur við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar.

Björg Ágústsdóttir



www.alta.is - bjorg@alta.is

Björg Ágústsdóttir starfar hjá ráðgjafarfyrtækinu Alta, í útibúinu í Grundarfirði. Hún hefur viðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum enda var hún bæjarstjóri í Grundarfirði í 11 ár, til ársins 2006. Björg útskrifaðist frá Háskóla Íslands 1994 með embættispróf í lögfræði. Hún lauk dipl. námi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntunarsstofnun HÍ 1999 og mastersnámi í verkefnastjórnun (MPM) við verkfræðideild HÍ 2008. Björg nefndi erindi sitt *Skólastefna sveitarfélaga – kvöð eða tæki til að auka árangur í starfsemi skóla?*

Glærur
Bjargar

Fyrirspurnir

Fyrirspurn kom til Bjargar um hugtakið „aðföng“ sem hún skýrði skv. árangursstjórnunarfræðum sem mannskap, fjármuni og aðstæður til þess að hrinda í framkvæmd þeirri stefnumörkun sem sett er fram.

Skilvirk nýting fjármagns

- í leik og grunnskólahaldi

Í erindi sínu fjallaði Róbert um nýtingu fjármagns í leik- og grunnskóla og gerði tilraun til að skilgreina hvað væri skilvirk nýting fjármagns í leik- og grunnskóla og rætt um möguleika sveitarstjórna til áhrifa á rekstur þeirra

Hann sagði sína aðkomu bæði vera sem notandi þjónustu, bæði sem nemandi fyrrum og nú sem foreldri og hin síðari ár í starfi sínu sem bæjarstjóri. Hann sagði sveitarfélög hafa undanfarin ár verið að vinna mjög ötullega að framgangi og uppbyggingu grunnskólans, að sögn Róberts, en það tók þau hins vegar nokkur ár, mörg hver, að átta sig á því eftir yfirfærsluna 1996 hvað í því fólst í raun og veru að hafa tekið yfir þennan rekstur.

Fræðslu- og uppeldismál eru langstærsti einstaki mála- flokkur sveitarstjórnarstigsins, en útgjöld til málaflokksins eru nærri helmingur allra útgjalda sveitarfélaga. Í umræðum um skólamál takast iðulega á þau sjónarmið annars vegar að rekstur skólanna sé dýr og hins vegar að ekki sé veitt nægilega miklu fé til skólanna. Störf fólks við kennslu- og uppeldismál séu ekki nægjanlega vel metin, aðbúnaður barnanna ekki nógu góður og áfram mætti telja. En ef staðreyndin er sú að við rekum eitt dýrasta skólakerfi í heimi en höfum samt ekki tök á því að greiða þeim mannsæmandi laun sem þar starfa hlýtur einhver maður að leynast í mysunni, sagði Róbert í upphafi erindis síns. Hann varpaði út til málstofugesta þeirri spurningu, sérstaklega sveitarstjórnarmanna, hvort þeir væru að ræða málefni skóla- og fræðslumála í réttu hlutfalli við fjármagnspörf og umfang málaflokksins. Væri ekki ástæða til þess að sveitarstjórnarmenn ræddu meira og ítarlegar um þennan stærsta póst í rekstri sveitarfé-

Róbert Ragnarsson



www.vogar.is - robert@vogar.is

Róbert er bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga og hefur sinnt því starfi frá árinu 2006. Áður var hann verkefnisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, en hefur auk þess sinnt stundakennslu í stjórn málafræði við HÍ frá árinu 2004. Róbert er með meistara- gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands.

Glærur Róberts



laga en raun ber vitni? Þá varpaði Róbert fram annarri áleitinni spurningu í sínu erindi: Ef það er sátt um framkvæmd, útgjöld og árangur skóla, þá er hann varla dýr? Ef við erum sátt, sem skattgreiðendur, fyrir það framlag sem við setjum í skólarekstur og þann árangur sem af honum leiðir þá hlýtur allt að vera í himnalagi. En ljóst mætti vera að sú sátt væri ekki fyrir hendi og vísaði m.a. til átaka og umræðna síðustu ára í tengslum við kjaramál starfsmanna skóla og árangur í skólastarfi, m.a. í alþjóðlegum rannsóknnum eins og PISA. Róbert höfðaði til ábyrgðar sveitarstjórnar varðandi stefnumörkun, ákvörðun fjármagns og því að fylgja eftir því að framkvæmt sé í samræmi við hvort tveggja. Hann nefndi að skólar væru að öllu jöfnu fjölmennustu vinnustaðir hvers sveitarfélags og úti á landsbyggðinni stáðu þeir að best menntaða fólkinu á svæðinu. Sveitarstjórnarfolk verður að sækja sér þekkingu til fagfólksins, sem og foreldra og annarra hagsmunaaðila, og vinna í samstarfi við það að framgangi skólastarfs og stefnumörkun, sagði Róbert og tengdi þar með saman áherslur í erindi sínu við þær niðurstöður sem Björg Ágústsdóttir greindi frá í sínu erindi.

Róbert greindi frá tölulegum staðreyndum um þróun í fjölda starfsfólks, nemenda, fjármagns, bygginga o.fl. undanfarin ár og komst að þeirri niðurstöðu að við værum ekki að reka skilvirkt skólakerfi þrátt fyrir mjög jákvæða þróun í menntunarstigi og fjölda starfsfólks, húsnæði, aðbúnaði o.fl. og nefndi nokkrar ákveðnar leiðir að skilvirkri nýtingu fjármagns í skólastarfi og nauðsyn þess að forgangsraða. Sem dæmi nefndi hann að fækka þyrfti skólum, fara varlega í fjárfestingar og kröfur um arkitektúr, fjölga nemendum á hvern kennara, halda áfram að auka hæfni starfsfólksins og vinna að sameiginlegri skólasýn og skólapróun. Nauðsynlegt væri að forgangsraða í þágu nemenda og innan þeirra fjárheimilda sem sveitarfélög hafa til reksturs skóla. Hann nefndi sérstöðu þeirra aðstæðna sem við búum við í dag með tilkomu nýrra skólalaga, með sameiginlegri framtíðarsýn FG, SÍ og sveitarfélaga fyrir skólastarf sem jafnframt mun hafa áhrif á gerð kjarasamninga til framtíðar, með lögbundinni skyldu sveitarfélaga til að setja sér skólastefnu Aukin skilvirkni er hagur okkar allra, öll erum við skattgreiðendur og höfum einhverra hagsmuna að gæta á lífsleiðinni þegar kemur að skólastarfi og nýtingu fjármuna til þess málaflökks.

Stefna íslenskir grunnskólar á afburðaárangur?

Í erindinu fjallaði Brynja Dís um niðurstöður rannsóknar sinnar, sem hún vann í meistaranámi í verkefnastjórnun við HÍ vorið 2008, en þar skoðaði hún stjórnunaraðferðir skólastjórnenda grunnskóla. Í rannsókninni var tekið mið af þeim stjórnunaraðferðum sem nýst hafa fyrirtækjum til afburðaárangurs og skoðað hvað úr þeim aðferðum er nýtt í stjórnun íslenskra grunnskóla í dag. Það er áhugavert að líta til árangurs þessara afburðafyrirtækja vegna þess að árangur þeirra allra tengist stjórnunaraðferðum þeirra. Það er mikilvægt fyrir skólastofnanir að horfa til þeirra sem ná slíkum afburðaárangri og skoða hvort reynsla þeirra nýtist í skólaumhverfi og geti stuðlað að afburðaárangri í skólastarfi.

Brynja Dís sagði stórt spurt með yfirskrift erindis hennar og svaraði því til í upphafi hvort nokkur vissi það í raun. Væri hægt að ætlast til annars en að þokkalegur árangur væri ásætlanlegur miðað við þau aðföng sem skólum stæði til boða, þ.m.t. hvað mannauð varðar því um langt skeið hefðu skólar ekki getað valið úr umsækjendum. Starfið hefði ekki talist eftirsóknarvert m.a. vegna lágra launa. Brynja Dís spurði hvaða áherslur og forgangsroðun gildi hjá eigendum skólanna, sveitarfélögunum, hungrar þau í afburðaárangur sinna skóla eða ræður fjármagnið eingöngu för? Afgerandi

Fyrirspurnir

Fyrirspurn kom til Róberts varðandi skilgreiningu hans á aðföngum varðandi skólalald og rekstur og hvers vegna foreldrar væru ekki taldir þar með. Hann bætti úr því og sagði foreldra auðvitað vera aðföng í þessu samhengi þó svo hann hafi ekki getið þeirra sérstaklega.

Brynja Dís Björnsdóttir



brynjadis@hjsk.kopavogur.is

Brynja Dís lauk B.ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 1985 og hefur lengst af starfað sem kennari. Hún er með lokaþróf úr málun frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk meistaraþráðu í verkefnisstjórnun MPM frá Háskóla Íslands vorið 2008. Brynja er sjálfstætt starfandi verkefnastjóri og deildarstjóri verkefna við Hjallaskóla í Kópavogi.

Glærur
Brynju Dísar

Þáttur í afburðaárangri fyrirtækja felst í stjórnunaraðferðum og Brynja spyr hvort hægt sé að yfirfæra stjórnunaraðferðir og hugtök fyrirtækjareksturs yfir á skólana. Hún taldi t.a.m. margt sameiginlegt með starfi kennara í grunnskóla og þjónustustarfi í verslun. Nemendur eru viðskiptavinir kennarans og verkefni hans er að „þjónusta“ þá og koma til móts við einstaklingsbundnar óskir þeirra og þarfir. Missi kennari sjónar á því og telji nemendur/ viðskiptavini til fyrir sig þá hefur hann tapað þjónustulundinni og hefur ekkert að gefa lengur í þessu starfi. Viðskiptavinur ætti, skv. Brynju, að vera lykilhugtak í skólastarfi. Hvers vegna ættu skólar ekki að geta nýtt sér þær leiðir til árangurs sem reynst hafa fyrirtækjum árangursríkar? Við eigum að læra af þeim bestu og hagnýta okkur það sem vel hefur verið gert og reyna að yfirfæra yfir á nýjar aðstæður, viðskiptavinum okkar í hag.

Um 98% allra skóla í rannsókn Brynju hafa tekið þátt í stefnumótunarvinnu en innan við 30% þeirra nota aðferðir stefnumiðaðs árangursmats. Berlega kom í ljós að árangursmælikvarða vantar inn í stefnumótunarstarf skólanna og velgengni skólans er ekki skilgreint hugtak.

Niðurstaða Brynju Dísar er að fræðilegar aðferðir við árangursmat í skólum séu ekki almennt notaðar en áhugi og metnaður er til staðar, en hvað svo? Brynja skildi fjölda mikilvægra spurninga eftir hjá málstofugestum til frekari umfjöllunar og sem dæmi má nefna:

Hvert stefnum við? Vitum við það og höfum við markað okkur leið til að komast þangað? Hver er sú leið, er hún skilgreind og nýtur hún stuðnings eigendanna, sveitarfélaganna, bæði faglega og fjárhagslega? Erum við með mannskap til að komast þangað? Hafa skólastjórnendur faglegar og rekstrarlegar forsendur, er starfsfólk markvisst ráðið til skólans til þess að verða hjól undir þeim vagni á þeirri leið? Er starfsfólk virkjað og endurmenntað með framtíðarsýn skólans í huga? Er unnið eftir árangursmælikvörðum og þá hvernig? eru kannanir skólans nýttar í umbótaverkefni? Er skólinn með það að markmiði að uppfylla þarfir, væntingar og kröfur viðskiptavina og fara fram úr þeim ef kostur er? Hver er stefna sveitarfélaganna, eigenda skólanna, hungur þau í afburðaárangur?

Brynja Dís Björnsdóttir hefur gert lokaverkefni sitt aðgengilegt á vefnum með því **að smella hér**.

Fyrirspurnir

Brynja Dís fékk fyrirspurn um það hvort hún hefði einhver úrræði til sveitarstjórnarfólks varðandi það að virkja sína skólastjórnendur meira til þess að stefna að afburðaárangri? Hún taldi fulla ástæðu til þess að skoða þessar afburðaárangursaðferðir og íhuga alvarlega mögulega hagnýtingu þeirra fyrir skólastarf óháð því hvaðan þær kæmu. Ástæða væri til þess að læra af þeim sem sýna afburðaárangur, skoða stjórnunar- og mannauðsstefnu þeirra óháð því hvort það tengist skóla- eða viðskiptafræðum.



Er ytra mat lykill að árangursríku skólastarfi eða tímasóun?

Kristín hóf mál sitt með athugasemdum um þá orðræðu sem beitt hefði verið í erindum fyrirlesara morgunsins og taldi nauðsynlegt að fólk kæmi sér betur saman um hana í umfjöllun um leik- og grunnskólamála. Hún taldi skólastarf geta lært ýmislegt úr viðskiptaheiminum en það þyrfti að vera gagnkvæmt. Til að mynda gæti hún engan veginn fallist á að ræða um nemendur sem hráefni og afurðir.

Kristín lagði út frá nýsamþykktum lögum um leik- og grunnskóla og sérstaklega þeim auknu skyldum sem þau legðu á herðar sveitarfélaga varðandi ytra mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Kristín fjallaði sérstaklega um leikskólann í erindi sínu. Henni sýndist menntamálaráðuneytið ætlast til þess að sveitarfélögin stæðu sig mun betur en ráðuneytið sjálft hefði gert í þessum efnum með umtalsverðum kostnaði án þess að bent væri á leiðir til fjármögnunar. Þetta gæti reynst sveitarfélögum verulega íþyngjandi og tók hún dæmi um Akureyrarkaupstað máli sínu til stuðnings. Lögum samkvæmt ætti bærinn að framkvæma ytra mat á hverjum skóla á 5 ára fresti. Það þýddi að taka þyrfti út 3 leikskóla og 1 grunnskóla á hverju ári en það væru fleiri skólar en menntamálaráðuneytið lét gera árlega úttekt á fyrir landið í heild. Kristín spurði hvort öllu þessu fjármagni sem í matsferlið færi væri ekki betur varið til þess að styrkja innra starf skólanna, sprotaverkefni og þróunarstarf.

Kristín benti á mikilvægi þess að tilteknir matsstaðlar yrðu ekki of ráðandi í ytra matinu því slíkt gæti leitt til einsleitni í starfi skóla og ráðið um of því uppeldisstarfi sem fram fer. Þá taldi hún mikilvægt að þeir sem sinntu ytra matinu væru ekki starfsmenn sveitarfélagsins til þess að skapa tiltrú hagsmunaaðila á gæðum og hlutleysi niðurstaðna. Kristín varpaði fram þeirri spurningu hvort Samband íslenskra sveitarfélaga ætti að setja upp mats- og eftirlitsdeild innan sinna veggja?

Hættan við mat og matsaðferðir er sú að þeir þættir sem auðvelt er að mæla sæti mati en hinir flóknari sitji eftir. Ramminn sé skoðaður en ekki það sem inni í honum sé því það kosti tíma, þekkingu og peninga. En hvað á þá að

Kristín Dýrfjörð



<http://roggur.blog.is/dyr@unak.is>

Kristín starfar sem lektor við Háskólann á Akureyri síðan 1997. Áður starfaði hún um árabil sem leikskólastjóri hjá Reykjavíkurborg. Kristín er leikskólakennari og matsfræðingur að mennt. Hún stundar nú doktorsnám í menntunarfræðum við Institute of Education við Háskólann í London.

Glærur
Kristínar

meta og mæla í skólastarfinu og hvaða mælitæki á að nota? Kristín sagði þær viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra góðra gjalda verðar en þær væru alls ekki nóg. Leggja þyrfti meri áherslu á að skoða og meta það uppeldisstarf sem fram fer inni á deildum leikskólans.

Tilgangur mats geti verið margþættur og hann þarf að liggja ljós fyrir áður en af stað er farið. Það er því afar mikilvægt að sveitarfélögin setji sér tilgreind markmið með mati á skólastarfinu og til hvers niðurstöður skuli nýttast. Aðferðafræði við mat á skólastarfi getur verið með ýmsum hætti svo sem aðferðafræðileg, kenningarleg, hagnýt og valdveitandi. Kristín gerði grein fyrir þessu og tók dæmi um þær áherslur

sem hingað til hefðu ráðið för. Æskilegt væri að nýlegar skilgreiningar OECD á lýðræðislegu leikskólastarfi væru hafðar til hliðsjónar hjá ríki og sveitarfélögum við úttektir ásamt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Kristín var ekki með glærur en á þessari slóð má lesa fyrirlestur hennar í heild sinni ¹.

¹ http://roggur.blog.is/users/16/roggur/files/c_documents_and_settings_dyr_my_documents_fyrirlestrar_tengdir_ha_ytra_mat_6_okt_2008.pdf

Eftirlit – til hvers og í hvers þágu?

Guðjón hóf erindi sitt á því að segja að fyrir um ári hefði hann líklega verið sammála flestu því sem fólst í gagnrýni Kristínar Dýrfjörð á kaflann um mat og eftirlit með skólastarfi í nýjum leik- og grunnskólalögum og benti á að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði gagnrýnt frumvörpin talsvert í umsögnum sínum¹. Hann tók jafnframt undir með Kristínu og taldi það vart geta verið tilgang kaflans að koma hér á fót einhvers konar mats- eða eftirlitsiðnaði á kostnað sveitarfélaganna. Lagaákvæðin ætti eftir að útfæra nánar, bæði í reglugerð og framkvæmd og fjallaði Guðjón í erindi sínu um aðkomu sambandsins og sjónarmið í því sambandi og þá meginbreytingu nýrra laga er tekur til mats og eftirlits með skólastarfi. Þar er m.a. kveðið á um innra mat í skólum og ytra mat sveitarfélaga á skólastarfi, en áður kváðu grunnskólalögin eingöngu á um sjálfsmat grunnskóla og eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins. Þess mætti því vænta að ráðuneytið gefi út ítarlegar leiðbeiningar til sveitarfélaga og skóla um framkvæmd ytra mats og eftirlit með skólastarfi. Tæknilegar lausnir kunna þó að geta einfaldað þessa vinnu fyrir alla aðila og nefndi hann Mentor í því samhengi. Guðjón lagði á það áherslu að reglugerðir ættu eftir að líta dagsins ljós, þær yrði jafnframt að kostnaðarmeta og mættu alls ekki verða íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Þá varð að samkomulagi milli menntamálaráðuneytis og sambandsins að setja á laggirnar svokallaða vöktunarnefnd sem hefði það hlutverk að vakta kostnaðaráhrif nýrra laga á útgjöld sveitarfélaga. Hann nefndi að starfsmenn sambandsins hefði mótað eigin hugmyndir að reglugerð um ytra mat sveitarfélaga þar sem lögð væri áhersla á að skilgreina ábyrgð hvers aðila sem kemur að eftirliti og mati með skólastarfi. Ekki væri gert ráð fyrir því að tíunda mælikvarðana í reglugerðinni sjálfri heldur í sérstökum leiðbeiningum sem ráðuneytið gæfi út.

Guðjón ræddi um, Skólavogina², tilrauna- og þróunarverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem snýr að samannburði á lykiltölum vegna skólahalds og snertir að verulegu leyti umræddar lagabreytingar. Markmið þess verkefnis væri

¹ [Umsögn um leikskóla](#) [Umsögn um grunnskóla](#)

² <http://www.samband.is/files/1071113761skolaskyrsla2008.pdf> sjá bls. 80

Guðjón Bragason



www.samband.is
gudjon.bragason@samband.is

Guðjón er sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og hóf þar störf árið 2007. Guðjón starfaði áður sem skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála í félagsmálaráðuneytinu. Hann útskrifaðist sem lögfræðingur (cand. jur) frá Háskóla Íslands árið 1993 og lauk meistaragráðu (LLM) í Evrópurétti frá London School of Economics and Political Science árið 2001.

Glærur
Guðjóns

að bæta þjónustu og einangra þætti sem áhrif hafa á gæði skólastarfs og mat á frammistöðu bæði í samanburði við aðra skóla og sveitarfélög og yfir ákveðin tímabil.

Þá rakti Guðjón hvernig menntamálaráðuneytið hefði staðið við skyldur sínar varðandi úttektir, eftirfylgd, mat og eftirlit með gæðum skólastarfs undanfarin ár og var sú upp-

talning heldur rýr í roðinu. Hins vegar væri ljóst að með nýjum lögum væri ábyrgð af framkvæmd ytra mats færð frá menntamálaráðuneyti yfir til sveitarfélaga og skyldur og verkefni aukin jafnframt, þrátt fyrir hörð mótmæli sveitarfélaga. Kemst Guðjón að þeirri niðurstöðu að ef á annað borð þörf sé fyrir ytra mat á skólastarfi þá sýni reynslan að sveitarfélög séu líklegri til þess að sinna því verkefni reglulega en ráðuneytið.

Guðjón undirstrikaði að engin ástæða væri til að efast um að gæðamat geti skilað betri árangri í skólastarfi ef slíkt mat færi fram í markvissum tilgangi. Það væri því nauðsynlegt fyrir sveitarfélög að fá skýrar upplýsingar um tilgang ytra matsins og það byggði á forsendum og þörfum viðkomandi sveitarfélaga og skóla. Kröfur um slíkt mat mega hins vegar ekki verða of íþyngjandi fyrir skólastjórnendur og kennara þannig að það komi niður á skólastarfinu. Hann taldi aukna áherslu á að meta árangur í skólastarfi, í heild eða einstaka þætti, í ágætu samræmi við Sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til ársins 2020³, sem unnin var í mjög góðu samstarfi fulltrúa sveitarfélaga við Félag grunnskólak-

3 <http://www.samband.is/framtidarsyn>

Er hlutverk kennarans fyrir borð borið?

Kristinn velti fyrir sér hlutverki kennarans í skólastarfi og þróun undanfarinna ára varðandi samsetningu og fjölgun starfsfólks í grunnskólum eftir yfirfærslu reksturs grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996. Hann nefndi að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands mætti m.a. sjá að stöðugildum starfsfólks í grunnskólum hefur fjölgað um 45% frá 1998 til 2007 og stöðugildum kennara og stjórnenda hefur fjölgað um 42%. Á sama tíma hafi nemendum aðeins fjölgað um 3,3%. Fjölgun stöðugilda stjórnenda nemur 81% á þessu sama tímabili. Sífellt stærri hluti starfs kennarans felist í dag í alls kyns annarri vinnu en beinni kennslu og veltir fyrir sér hvers vegna málin hafi skipast svo. Er hugsanlegt að verið sé að búa til störf og þarfir sem ekki nýtist beint í kennslustofunni? Mikil áhersla sé hins vegar lögð á aðkomu alls kyns sérfræðinga að málefnum nemenda en Kristinn veltir því fyrir sér hvort nægjanleg áhersla hafi verið lögð á að styrkja kennarann betur í starfi til að takast á við fjölbreyttari verkefni í kennslustofunni.

Hann nefndi að í nýjum grunnskólalögum segi að nemandinn skuli fá kennslu við hæfi en hann minnst þess ekki að

ennara og Skólastjórafélag Íslands. Nefndi Guðjón nokkra þeirra 111 mælikvarða sem þar eru tilteknir og snúast um gæði og þróun skólastarfsins og þá ábyrgðaraðila sem framfylgja ættu og fylgjast með því að úttektir skiluðu sér í umbótum og bættu skólastarfi; skólastjórnendur, skólanefndir og skólaráð. Hann undirstrikaði í lokin að með auknu eftirlitshlutverki sveitarfélaga fælust ekki einvörðungu skyldur heldur jafnframt mörg tækifæri.

Kristinn Kristjánsson



www.samband.is
kristinn.kristjansson@samband.is

Kristinn starfaði sem sérfræðingur á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2002-2008. Kristinn hefur víðtæka og fjölbreytta reynslu bæði af skóla- og fræðslumálum og sveitarstjórnarmálum. Hann var fræðslustjóri í Kópavogi 1996-2002, rekstrarstjóri hjá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur frá 1994-1996, bæjarstjóri á Egilsstöðum frá 1991-1994 og skólastjóri við Alþýðuskólann á Eiðum frá 1973-1991. Kristinn hefur samvinnuskólapróf frá Bifröst auk kennaraprófs frá Kennaraskólanum og framhaldsnáms við Kennaraháskólann í Danmörku.

Glærur
Kristins

hugtakið kennsla komi meira við sögu í þeim lagatexta, nema ef um sérkennslu væri að ræða. Hvergi komi fram hvernig eigi að tryggja það að nemendur fái slíka kennslu eða hvort og þá hvernig eigi að meta þann þátt eða hvað skuli til bragðs taka ef kennslan er ekki við hæfi.

Huga þurfi að skipulagi skólastarfs, til að mynda hlutfalli kennslu annars vegar og frímínútna hins vegar. Alltof lengi hafi það viðgengist að nemendur fái ekki nauðsynlegan frítíma milli kennslustunda og nú beri svo við í nýjum lögum að öll ákvæði um frímínútur hafi horfið út. Almenn er þó talið að hreyfingarleysi háí börnum í dag og langar kennslulotur, lítil hreyfing og fáir íþróttatímar geti vart haft jákvæð áhrif á líðan barna í skólum.

Fjölgun skóladaga virðist ekki hafa bætt námsárangur enda ekki víst að sú fjölgun hafi farið til að fjölga kennsludögum. Að mati Kristins virðist oft vanta töluvert upp á það að nemendur fá þá 180 skóladaga óskerta sem þeim ber samkvæmt lögum.

Kennarinn hefur lykhillutverk í námsárangri nemenda og því þarf að leggja megin áherslu á að styrkja hann enn frekar í starfi, gera kleift að sinna þeim margvíslegu verkefnum sem bíða hans í kennslustofunni, bæta og efla kennsluhætti og fylgjast gaumgæfilega með nýliðum í kennslu og styðja þá í starfi.

Kristinn benti á að rekstrarkostnaður grunnskóla á Íslandi væri með þeim hæsta í heimi. Huga þyrfti vel að nýtingu fjármagns til skólastarfs, það yrði að nýtast til þess að efla skólastarf og kennsluhætti. Skrautlegar umbúðir utan um skólastarfið þurfi að víkja fyrir því sem mestu máli skiptir, þ.e. því sem gerist inni í kennslustofunni.

Fyrirspurnir

Fyrirspurn úr sal til Kristins snerist um fjölgun stjórnenda innan grunnskólans hvort þá þróun mætti tengja beint kjarabaráttu kennarastéttarinnar. Ekki taldi hann það vera beint en þó ætti þessi þróun upptök í kjarasamningum með tilkomu starfsheitis deildarstjóra. Nú væri til að mynda komið enn eitt nýtt heiti inn í kjarasamning kennara en það er verkefnisstjóri. Var stjórnun grunnskólanna orðið svo verulega ábótavant að þörf væri fyrir alla þessa nýju stjórnendur?, spyr Kristinn í lokin.

Ábending kom til Kristins og talnameðferðar hans varðandi hlutfall stjórnenda því áður en deildarstjóraheitið kom til hefðu árganga- og fagstjórar verið með talsverða stjórnun á sinni könnu. Fyrirspyrjandi var sammála Kristni um að þrýstingurinn á að fá inn millistjórnendur hafi ekki síður komið frá yfirvöldum á grundvelli þeirrar menntastefnu að vandi skólanna endurspegladist m.a. í rangri stjórnun, að kennara skorti markvissari stjórnun í starfi. Kristinn taldi deildarstjórana ekki hafa tekið við verkefnum árganga- og fagstjóra og vitnaði til þess að í nýjum kjarasamningum væri hinum nýju verkefnisstjórum ætlað það hlutverk.

Umræður í hópum. Þegar hér var komið sögu í dag-skrá málstofunnar tóku umræðuhópar til starfa í þremur hópum. Gerð verður grein fyrir þeim að lokinni samantekt á erindum dagsins.



Rannsóknir á högum skólanema og stefnumótun í skólastarfi

Póroddur fjallaði um þær rannsóknir sem gerðar eru á skólastarfi nú þegar og hvernig þær geta tengst því sem kallað er ytra mat. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á skólastarfi og unnar í háskólunum fyrst og fremst sem hluti af starfsskyldum háskólakennara sem, að sjálfsgöðu, skipuleggja þær með tilliti til eigin áhugasviðs. Slíkar rannsóknir eru í flestum tilvikum fjármagnaðar af opinberu fé og kosta kennara, nemendur og skólastjórnendur oft umtalsverða vinnu. Óhemju mikið magn nytsamlegra upplýsinga liggur því fyrir en stóra spurning er hvort og þá hvernig þær eru að nýtast og hvert aðgengi annarra aðila er að slíkum gögnum til hagnýtingar? Þótt fræðilegar niðurstöður íslenskra rannsókna hafi víða birst á innlendum og alþjóðlegum vettvangi hefur hagnýting þeirra við opinbera stefnumótun og umbætur í skólastarfi oft verið nokkuð ómarkviss. Í erindi sínu ræddi Póroddur um nokkrar helstu hindranir í vegi þess að niðurstöður rannsókna á högum skólanema nýtist við stefnumótun. Póroddur vill að hægt verði að samtvinna áhuga rannsakenda og rannsóknaniðurstöður við hagsmuni sveitarfélaga og skóla við stefnumótun í skólamállum og bendir á ýmsa möguleika til gagnkvæmrar upplýsinga miðlunar í því samhengi.

Oft er gríðarlegt álag á skólum vegna þátttöku í bæði innlendum og erlendum rannsóknum og könnunum ásamt háskólanemendum sem gjarnan vilja skoða einstaka þætti skólastarfs ásamt fleirum. Nauðsynlegt er að takmarka þetta álag og dreifa því markvisst og miðstýrt að mati Pórodds.¹ Skólastjórnendur eru farnir að kvarta undan þessu álagi og sífellt meiri tími rannsakenda fer í að sannfæra þá um að tiltekna kannanir og þátttaka í rannsóknum eigi rétt á sér. Mikilvægt er að hagsmunir skóla, skólastarfs, sveitarfélaga og nemenda séu augljósir með þátttöku en ekki sé eingöngu um kvöð að ræða. Sú staða sé komin upp að forgangsraða þurfi í þessum málum því skólastjórnendum sé oft stillt upp við vegg varðandi þátttöku án þess að þeir hafi forsendur til þess að hafa forsendur til þess að meta mikilvægi hverju sinni.

Í máli Pórodds kom fram að Samband íslenskra sveitarfélaga gæti verið rétti vettvangurinn til þess að koma sveitarfélög-

1 Sjá grein Pórodds í 1. tbl. Skólavörðunnar, 7. árg. 2007

Póroddur Bjarnason



Vefsíða Pórodds
thorodd@unak.is

Póroddur er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og forstöðumaður Rannsóknaseturs forvarna. Hann hefur stundað rannsóknir á líðan og högum íslenskra skólanema frá árinu 1992 og stýrir íslenskum hluta alþjóðlegu rannsóknanna Health Behaviours in School-Aged Children (www.hbsc.is) og European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (www.espad.is). Póroddur er með doktorspróf í félagsfræði frá University of Notre Dame í Bandaríkjunum.

Glærur
Pórodds

unum til aðstoðar. Það mætti hugsa sér einhvers konar samráðsnefnd á sveitastjórnastigi þangað sem tilkynningar um rannsóknir bærust í upphafi skólaárs og mat færi fram á mikilvægi (t.d. flokkun í A, B og C flokk) og út væri gefið leiðbeinandi álit til sveitarfélaga og skólastjóra.

Fyrirspurnir

Að loknu erindi sínu fékk Þóroddur fyrirspurn um það hvort skólar gætu beðið rannsakendur um að skoða sérstaklega ákveðna þætti í skólastarfi fremur en að ákvörðunin kæmi alltaf með rannsakandanum óháð því hvort skólar teldu niðurstöður beint koma sér að gagni? Þóroddur sagði að rannsakendur við Háskólann á Akureyri sendu niðurstöður til skólastjórnenda að rannsóknum loknum og þeim væri í sjálfsvald sett hvort þeir kæmu þeim áfram til sveitarstjórna. Helst vildu þeir þó geta opnað gögnin betur svo sveitarfélagið gæti fengið afmarkaðar skýrslur um einstaka þætti til frekari skoðunar í samstarfi við rannsakendur. Á sama tíma þarf að gæta þeirrar trúnaðarskyldu sem á rannsóknargögnum- og niðurstöðum hvíla. Hætta á misnotkun ákveðinna upplýsinga af fjölmiðlum er fyrir hendi, til að mynda hvað vímuefnaneyslu varðar í einstökum skólum o.s.frv.

Þá var Þóroddur spurður, vegna mikillar ásóknar í skólana til gagnasöfnunar, misgagnlegrar eins og gengur, hvort íslenskir háskólar væru ekki nægjanlega duglegir við að koma niðurstöðum rannsókna sinna til hagnýtingar á vettvangi. Þóroddur sagði það sem drifi rannsakendur áfram í starfi væri fyrst og fremst faglegur áhugi á viðfangsefniinu. Þær spurningar sem þeir færu af stað með væru ekki endilega þær sömu og brynnu á fólkinu í feltinu að hluta til vegna þess að þær koma þeim ekki til hugar vegna skorts á tengslum við vettvang. Þau tengsl þyrfti að auka að mati Þórodds, rannsakendur og fólk á vettvangi þyrfti að hittast á jafnréttisgrundvelli og ræði rannsóknaspurningar og niðurstöður. Þann vettvang hefur skort til þessa.

Er hægt að færa íslenska nemendur úr meðalmennskunni?

Leiðir sem PISA og PIRLS geta opnað að umbótum í íslensku skólastarfi næstu 10 ár

Er hægt að færa íslenska nemendur úr meðalmennskunni? Leiðir sem PISA og PIRLS geta opnað að umbótum í íslensku skólastarfi næstu 10 ár.

Almar hóf mál sitt á að ítreka það sem áður hafði fram komið um hið dýra íslenska skólakerfi, 8 % af vergri þjóðarframleiðslu fer til skólastarfs, með því hæsta sem þekktist í heiminum. Stóra spurningin á því að vera sú hvernig við getum nýtt það fjármagn sem best. Hann fjallaði um hvernig niðurstöður alþjóðlegra langtímarannsókna geta nýst yfirvöldum skólamála á Íslandi á hagnýtan hátt við að bæta skólastarfið og efla færni nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrfræði. Á nokkurra ára fresti færir OECD og IEA heimsbyggðinni fréttir af árangursmati á menntakerfum heimsins með alþjóðlegu samræmdu prófunum PISA, fyrir 15 ára og PIRLS, fyrir 9-10 ára. Prófin hafa í gegnum árin varpað ljósi á takmarkanir og styrki ólíkra menntakerfa, skapað mikla umræðu um skólamál og haft sterk áhrif á stefnumótun í skólamállum þátttökulanda. Kastljós fjölmiðla, almennings og jafnvel fagfólks beinist oftar en ekki að því ástandi sem niðurstöðurnar lýsa hverju sinni. Gagnsemi slíkra alþjóðlegra gagna felst þó fyrst og fremst í þeim tækifærum sem bjóðast til upplýstrar stefnumótunar og aðgerða til að bæta menntun ungmenna í landinu til framtíðar. Í erindinu ræddi

Almar Miðvík
Halldórsson



<http://www.namsmat.is>
Almar@namsmat.is

Almar Miðvík Halldórsson er verkefnisstjóri PISA á Íslandi hjá Námsmatsstofnun og hefur sinnt því starfi frá árinu 2003. Hann hefur starfað sem kennari bæði héraðs og erlendis á grunn-, framhalds- og háskólastigi. Almar er með meistaraþráðu í aðferðafræði sálfræðirannsókna frá Háskólanum í Exeter.

Glærur
Almars

Almar um það hvernig hægt væri að nýta þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir og einnig um þau tækifæri sem liggja í frekari greiningu á niðurstöðunum. Almar tók dæmi úr PISA rannsókninni, þar sem jöfnuður er metinn í þeim samfélögum sem þátt taka. Þar er íslenskt menntakerfi á heims-mælikvarða og ef PISA væri mat á jöfnuði værum við ásamt Finnum og Norðmönnum best í heimi!

Almar kallaði eftir auknu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaganna í skólamállum um óskir þeirra og þarfir um hagnýtingu niðurstaðna í þágu skólustarfs og tillögur þar um en vísir að slíku samstarfi hefur þegar litið dagsins ljós. Námsmatsstofnun hefur unnið markvisst að því sl. 2 ár að kynna og miðla upplýsingum um PISA og niðurstöður þeirra til skólaskrifstofa og sveitarfélaga með kynningarfundum vítt og breitt ásamt opnum kynningarfundum hjá Námsmatsstofnun. Þá hefur árlega verið boðið ítarlegt 3 daga námskeið hjá EHI um hvernig vinna á með PISA gögn og skýrslur um PISA. Framhald mun verða á kynningarfundum Námsmatsstofnunar á komandi ári og vel lítur út með samstarf við hagsmunadila um aðkomu að þeim.

Spurningunni um það hvort unnt sé að færa íslenska nemendur úr meðalmennskunni, sem Almar lagði upp með í upphafi, svarar hann játandi, en til þess þarf að þekkja nemendur vel og byggja aðgerðir, inngríp og stefnumótun á traustum upplýsingum um stöðu þeirra.



Fyrirspurnir

Almar var spurður að því, varðandi íslenskukennslu í skólum, hvort við værum að leggja of mikla áherslu á aðra þætti, eins og málfræði á kostnað lesskilnings. eru sömu þættir varðandi lesskilning að koma slaklega út í 4., 7. og 10. bekk. Almar taldi að öll lönd hefðu lagt áherslu á aðra þætti en lesskilning áður en PISA rannsóknirnar komu til og gera ennþá. Einhver þeirra hefðu endurskoðað áherslur eftir að niðurstöður tóku að berast um stöðu þeirra en ekki öll. Þetta er spurning sem skóla-yfirvöld og kennarar þurfa að velta fyrir sér hvort skipti raunverulegu máli að breyta.

Önnur fyrirspurn til Almars snerist um fullyrðingu hans að ekki væri hægt að sjá fylgni milli fjölda nemenda á hvern kennara varðandi námsárangur. Er eitthvert hámark eða skurðpunktur? Jú, sagði Almar, það eru 17 nemendur. Aðeins 2 dæmi eru um öfugt samband, þ.e. þar sem mun fleiri nemendur eru á kennara og þau lönd eru að koma mjög vel út í PISA, það eru Macao og Finnland. En við hér höfum sum sé talsvert svigrúm, skv. Almari til að fjölga í bekkjum miðað við meðaltalið.

Þriðja fyrirspurn var til þeirra beggja Almars og Þórodds. Spurt er hvernig skólar geti viðhaldið þeim góða árangri sem komið hefur í ljós, til að mynda varðandi líðan og framboð af fjölbreyttum verkefnum, ásamt því að tosa upp árangur á PISA og PIRLS. Er hægt að keyra saman þá gagnagrunna sem til eru hjá Rannsóknnum og greiningu, Ungt fólk, og Háskólanum á Akureyri um heilsu og líðan og vinna heildstætt upp úr þeim. Mætti e.t.v. leggja fyrir eina könnun sem tæki á öllum þáttunum.

Hægt er að samkeyra gögn eftir að þeim er safnað, skv. Almari en ekki að leggja fyrir samtímis. Þóroddur taldi vel hægt að búa til samræmt kerfi, sbr. Skólavogina, þar sem gögnum er safnað saman innan heildstæðs ramma og væri auðvelt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga, að mati Þórodds, en ekki þá sem eru að vinna rannsóknirnar. Erfiðara væri um vik að samkeyra rannsóknir WHO í 43 löndum um heilsu og lífskjör skólanema við evr-ópsku vímuefnarannsóknina í 38 löndum. Við þyrftum að sannfæra öll þessi lönd um að þörf væri á að samræma þessa spurningalista í okkar þágu en það gæti reynst þrautin þyngri. Hins vegar taka þeir báðir undir þann möguleika að samkeyra niðurstöður eftir á ef um sömu nemendur er að ræða og tók Almar sem dæmi að nem-

endur sem taka þátt í PIRLS 2006 verða þeir sömu og taka PISA 2012. Einstakt tækifæri fyrir skóla í dag til að hagnýta sér þá staðreynd. Þóroddur bætti við að hann hefði verið á fundi hjá UNESCO nýverið en þangað voru kallaðir forsvarsmenn allra þessara stóru, alþjóðlegu og evrópsku rannsókna. Viðfangsefnið var að kanna hvort unnt væri að búa til sameiginlegan ramma, m.a. utan um menntarannsóknir, þannig að niðurstöður nýtist betur í þátttökuöndunum og til alþjóðlegrar stefnumótunar.

Næsta fyrirspurn snerist um hindranir við hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna í íslensku skólastarfi til að breyta áherslum í kennsluháttum og stefna að bættum námsárangri. Getur verið að skólastjórnendur, kennara, sveitarstjórnarmenn og skólaskrifstofufólk skorti tilhlýðilega fagþekkingu, þjálfun eða fagmennsku á þessu sviði til þess að geta markvisst hagnýtt sér þessar upplýsingar skólastarfi til framdráttar? Almar svaraði því til að þessi gögn ættu hiklaust að hafa til hliðsjónar þegar mótuð er

framτίðarsýn fyrir skólastarf og ekki síður við mat á árangri þess. Námsmatsstofnun er að reyna sitt til þess að upplýsa fólk um möguleika til hagnýtingar þessara niðurstaðna en gengur hægt vegna skorts á starfsfólki hreinlega. Þeir vilja sjá miklu fleiri mastersnema sem áhuga hafa á að vinna frekar úr niðurstöðum PISA og PIRLS í þágu hagnýtingar fyrir skólastarf.

Þá var spurt um forsendur tölulegra upplýsingar um fylgni milli fjölda nemenda á kennara og áhrif á námsárangur. Fram kom hjá Almari að gögnin bak við þessar upplýsingar væru einföld. Í PISA væru skólastjórar spurðir að fjölda kennara í skólanum í fullu starfi og jafnframt hversu margir nemendur eru í skólanum og hlutfallið tekið. Ekki er því um bekkjarstærðir að ræða en það myndi Almar vilja skoða betur og ætla að taka upp umræðu um á kynningarfundum vetrarins. Í alþjóðlegum gögnunum hafa slíkar greiningar verið gerðar og fram komið að eftir því sem fjöldi nemenda á stöðugildi kennara eykst hækkar meðalárangur þeirra.

Helstu niðurstöður umræðuhópa

Ytra mat sveitarfélaga / hagnýting skólastefnu

Hópstjóri var Valgerður Freyja Ágústsdóttir (VFÁ) og ritarar Jóhannes Á. Jóhannesson og Svandís Ingimundardóttir.

Í upphafi umræðna kom fram ósk um skilgreiningu á hugtakinu mat og aðgreiningu þess frá eftirliti. VFÁ svaraði því til að mat væri mun umfangsmeira en eftirlit og fæli í sér heildarúttektir á skólum, gerðum af hlutlausum aðila líkt og fram kom í erindi Kristínar Dýrfjörð. Eftirlitið felur frekar í sér upplýsingagjöf. VFÁ taldi það sameiginlegan skilning menntamálaráðuneytis (mrn.) og sambandsins að nýr kafli leik- og grunnskóla, þar sem fjallað er um ytra mat sveitarfélaga eigi þó fremur við eftirlits- en matshlutverk sveitarfélaganna.

Athugasemd kom fram um að varast þyrfti að falla í þá gryfju að safna enn fleiri og umfangsmeiri upplýsingum um skólahald og rekstur, eins og núverandi kerfi væri byggt upp, nauðsynlegt væri að bæta matshlutann og eftirlitið þyrfti að leiða til þróunar og umbóta í skólastarfi, það yrði að vera

Að loknum erindum fyrir hádegisdáttu fóru fram umræður í 3 umræðuhópum sem tengdust viðfangsefni fyrirlesara.

- Ytra mat sveitarfélaga/hagnýting skólastefnu
- Afburðaárangur í leik- og grunnskólastarfi
- Skilvirk nýting fjármagns við rekstur leik- og grunnskóla

gagnvirkt. Gagnrýni kom frá fleirum á frammistöðu mrn þar sem einblínt hefur veri um of á rammann í stað þess að horfa á myndina sjálfa. Mikilvægt væri að auka samvinnu við skólasamfélagið og hagsmunaaðilar gerist samherjar um eflingu skólastarfsins. Færa þyrfti matið nær skólunum, flétta það inn í hefðbundið skólastarf og varast að gera það að „viðbótar“- verkefni eða búa til nýtt, tímafrekt bák.

Fulltrúi mrn. útskýrði starfshætti þess við matið og greindi m.a. frá því að sendir væru út ráðgjafar til skólanna sem ekki kæmu nægjanlega vel út til þess að fylgja eftir niðurstöðum.

Í umræðum lögðu þátttakendur áherslu á mikilvægi þess að skilgreina vandlega tilgang mats, hvað eigi að meta og hvernig, fyrir hverja og hvert á aðgengi að vera að gögnum áður en mótuð verði framτίðarsýn um skipulag og fram-

kvæmd á þessum vettvangi. Foreldrar kölluðu til að mynda eftir aðgangi að slíkum upplýsingum en varast þyrfti að gera þær að fjölmiðlaefni sem auðveldlega verður mistúlkað. Þá kom einnig fram að skólastjórnendur og starfsfólk væri óöruggt með aðferðafræði mats, þann þátt þyrfti að bæta. Skólastjórnendur þyrftu að vita til hvers væri ætlast af þeim, leggja þyrfti skýrari línur varðandi samstarf við sveitarstjórn eða skólanefnd og setja niður markvissa þróunar- og framkvæmdaáætlun. Heildarúttektir væru ekki endilega bestar heldur mætti allt eins hafa gagn af úttektum á einstaka þáttum, sbr. móðurmálskenndu, og leggja áherslu á heimsóknir rannsakenda og ráðgjafa inn í kennslustundir í stað staðlaðra spurningalista. Fram kom nokkur mismunur á framkvæmd á leik- og grunnskólastigi en meiri hefð er fyrir ytri rannsakendum á vettvangi inni í leikskólunum við mat á því starfi sem þar fer fram með hliðsjón af skólastefnu, námskrá og óskum leikskólans. Slík vinnubrögð eru óalgengari á grunnskólastiginu en mætti bæta.

Vangaveltur komu upp um það hvort verið væri að kalla eftir samræmdum ramma um matsferlin eða hvort skilgreina þyrfti þarfir hvers samfélags áður en matsferli er sett upp. Þá þyrfti mats- og eftirlitsferlið að innifela ákveðna gagnvirkni og tengsl við þróun og/eða umbætur. Hætta þyrfti að stjálka eins og köttur í kringum heitan graut og meta það sem máli skiptir innihald kennslu, starfshætti og samskipti, en eyða minna púðri í að meta rammuna og það sem einfalt er að meta. Matsumræðan hingað til hefði minnst snúist um það sem gerist í kennslustofunni. Þá komu fram efasemdir um það að skólafólk væri hreinlega tilbúið til þess að takast á við gagnrýnar spurningar um eigin kennsluhætti en til þess að mat skili árangri er virk þátttaka starfsmanna lykilatriði. Þá var undirstrikað mikilvægi þess að rýna í og vinna með niðurstöður mats þegar þær lægju fyrir og leggja grunn að aðgerðaáætlunum um umbætur og þróun. Rætt var um tilraunaverkefni sambandsins, Skólavogina, í þessu samhengi, og lýst yfir ánægju með það og hagnýtingu við mat á skólastarfi, mat milli og innan sveitarfélaga.

Fulltrúar Námsmatsstofnunar og Háskólans á Akureyri lýstu yfir áhuga á að bæta hagnýtum spurningum fyrir sveitarfélög við sína upplýsingaöflun til þess að kortleggja stöðu mála betur í þessum efnum. Þeir sögðu mikið magn upplýsinga liggja nú þegar fyrir um margvíslega þætti skólastarfs og afar þýðingarmikið að nýta þau gögn betur til stefnumótunar og umbótastarfs.

Fram komu umræður um tengsl skólastefnu og mats, hvort kæmi á undan? Þátttakendur voru sammála um það að um gagnvirk tengsl að ræða, skólastefna væri í sífelldri endur-

skoðun á grundvelli niðurstaðna mats og eftirlits samkvæmt þeim mælikvörðum sem innbyggðir væru.

Þá var mikið rætt um aukinn kostnað sveitarfélaga vegna nýrra skyldna við mat og eftirlit með skólastarfi og fram kom að kostnaðarmat vegna þessa ætti eftir að fara fram enda vissi enginn í dag, þar sem reglugerðir lægju ekki fyrir, hvað ríkið væri raunverulega að fara fram á við sveitarfélögin í þessum efnum. Mikilvægt væri að vakta hagsmuni sveitarfélaganna í þessu skyni og verjast nýjum álögum og íþyngjandi verkefnum nema með fylgdi tilhlýðilegt fjármagn.

Að lokum var þeim tilmælum beint til mrn. og sambandsins að taka saman gagnagrunn með yfirliti yfir þá upplýsinga- og gangaöflun sem fram hefur farið um leik- og grunnskólastarfi til þessa. Hvergi er hægt að fá yfirsýn á einum stað yfir þessi mikilvægu gögn og rannsóknaniðurstöður í dag. Fram kom í máli starfsmanns sambandsins að þessi hugmynd hefur verið viðruð við mrn. í tengslum við m.a. nýja matskafla skólalaganna, verkefnið Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfi til 2020 og Skólavogina. Sérstakur verkefnisstjóri fengi það verkefni að gera yfirlit yfir þá reglubundnu upplýsingaöflun sem opinberar stofnanir framkvæma á þessum vettvangi og tengja við ofangreind verkefni og fleiri sem máli skipta í þessu samhengi til þess að gera heildaryfirsýn mögulega og einfalda eins og hægt er auk þess að samhæfa mælikvarða.



Afburðarárangur í leik- og grunnskólastarfi

Hópstjóri var Gunnar Gíslason og ritari Dóróthea Jóhannsdóttir.

Umræður spunnust um mæliaðferðir til rannsókna á árangri í skólastarfi og hvað væri afburðarárangur í skólastarfi. Fram kom að hvort tveggja væri rétt, það er að við nýttum ekki nóg möguleikana á mælingum á árangri og að við mættum ekki týna okkur í mælingum. Bent var á að niðurstöður PISA rannsóknanna sýna eingöngu námsárangur en komið hefur í ljós að nemendum t.d. í Finnlandi líður ekki eins vel og íslenskum nemendum. Við ættum frekar að horfa á árangur Kanadamanna, þar færi saman góður námsárangur og vellíðan nemenda. Það nægir ekki að umbúðirnar séu fallegar, það þarf að horfa til lengri tíma.

Rætt var um samræmdu prófin sem notuð eru sem mælikvarði í grunnskólum hér á landi. Fram kom m.a. að foreldrar og sveitarstjórnir horfa á þau sem mælitæki um árangur tiltekinna skóla. Í máli nokkurra kom fram að þeir teldu þá ofuráherslu sem væri á þessi próf ekki rétta. Einnig kom fram að vitað væri að einstaklingar væru teknir út úr samræmdu prófunum og spurningin er því sú hvað er verið að mæla. Með nýjum grunnskólalögum er reynt að draga úr áhrifum samræmdu prófanna í 10. bekk og þeim gefið sambærilegt vægi og samræmdu könnunarprófunum í 4. og 7. bekk. Vonandi verður sú breyting til góðs fyrir skólastarf og framgang nemenda.

Hvað er afburðarárangur skóla? Í umræðunum var ýmislegt nefnt í þessu samhengi og eru hér nefndir nokkrir punktar:

- Skólinn á að undirbúa börnin undir lífið.
- Mælingar yfirleitt á námsárangur, ekki t.d. á árangur í leik.
- Taka þarf meira inn í mat á árangri en samræmdu prófin, t.d. vellíðan og bent á að þar gæti sambandið komið inn.
- Árangursviðmið að fylgja markmiðum laga og manngildismarkmiðum sem stefna að því að nemendur verði virkir þegnar í lýðræðisþjóðfélagi.
- Skólinn á að skila börnunum sem gagnrýnum og skapandi þjóðfélagsþegnum sem kunna að leita sér þekkingar.
- Það er ekkert eitt sem við getum skilgreint sem afburðarárangur. En ef börnin vita hvar þau standa og geta borið höfuðið hátt er það góður árangur.
- Börnin læri að verða læs á umhverfið og hafi sjálfsmyndina í lagi þá eru þeim allir vegir færir.
- Vellíðan og góður námsárangur geta vel farið saman. Kennsla og kennsluáðferðir eru gífurlega mikilvægar til að ná árangri.

Hvernig náum við góðum árangri í skólastarfi? Í umræðu um skólastarfið almennt og hvernig við náum sem bestum árangri kom meðal annars fram að brottfall væri of mikið úr skólum. Eins og fram kom í upptalningu á punktum um afburðarárangur í skólum er mikilvægt að ná góðum námsárangri sem og að nemendum líði vel og verði sjálfstæðir. Þar kom fram mikilvægi kennsluhátta til að ná árangri.

Rætt var um vinnutíma í skólum, viðvera barna hefur lengst. Fram kom að magn náms í einstökum fögum hefði ekki endilega aukist heldur hefðu ný fög bæst við t.d. lífsleikni. Um 80% af árlegum vökutíma 10 ára barns er utan veggja skólans, en tíminn í skólanum er aftur á móti gæðatími dagsins. Spurt var hvort börnin gætu ekki meira, eru þau að sýna hámarksárangur og vinnusemi inn í skólunum? Fram kom að rannsóknir sýndu að bestur námsárangur næst þar sem börn vita til hvers er ætlast af þeim. Getur verið að það skorti skýr marmið? Einnig var bent á að ef til vill tölum við of einfalt mál við börnin og í því samhengi bent á samamburð við tungutak kennara í sumum erlendum skólum. Samkvæmt PIRLS-niðurstöðum hefur lestrarfærni íslenskra barna hrakað. Þá komu fram upplýsingar um rannsóknir á fylgni læsis 6 ára barna við árangur þeirra á stúdentsprófi. Einnig var bent á samhengi milli menntunar foreldra og árangurs barna. Spurt var hvort ekki væri hægt að hjálpa þessum börnum sérstaklega sem eiga foreldra sem af einhverjum orsökum taka ekki þátt í námi þeirra. Þá var nokkur umræða um samstarf foreldra og skóla og kom fram að það væri forsenda góðs árangurs og vellíðunar í skóla. Vellíðan og árangur nemenda byggist m.a. á stöðu hans í jafningjahópnum, samskiptum hans við kennarana og stuðningi kennara og foreldra. Þar skiptir máli t.d. viðhorf kennara og foreldra til nemandans, hvatning og andlegur stuðningur.

Mikilvægi kennarans er óumdeilt. Bent var á að góður kennari þarf að vera öruggur með sig og þjálfar upp sérþekkingu sína. Þannig geta þeir náð að smita út jákvæðni til nemenda. Margar námsgreinar í dag eru flóknar t.d. í náttúrufræði og verið er að vinna við það að útbúa stoðgögn sem kennarar geta nýtt sér við kennslu. Einnig var bent á þann möguleika að nýir kennarar fengju mentor, einhvern reyndan og góðan kennara sér við hlið við upphaf kennsluferils síns.

Fram kom að engin sátt væri um það hvað er góður skóli en á móti var bent á að ef til vill væri ekki nauðsynlegt að skólafólk væri alveg sammála enda svo margþætt. Forsenda góðs skólastarfs er að hafa skýr markmið.

Skilvirk nýting fjármagns við rekstur leik- og grunnskóla.

Hópstjóri var Margrét Björk Svavarsdóttir og ritari Jana Friðfinnsdóttir

Rætt var um þátt menntunar og reynslu stjórnenda í tengslum i við betri nýtingu fjármuna. Fram kom að ekki væri nægjanleg áhersla lögð á fjármál, rekstur og mannauðsstjórnun í stjórnendanámi hjá kennaramenntunarstofnunum í dag og alls ekki gefið að skólastjórnendur hefðu slíkt eða sambærilegt nám. Þetta væru þættir sem skiptu miklu máli og skólastjórnendum ætlað að sinna. Það væri ekki sjálfgefið að stjórnendur hefðu þekkingu og reynslu á þessu sviði, þeir væru meira faglegir stjórnendur og ættu að geta haft rekstrarlegan aðstoðarmann eða aðgang að slíkum. Þá bæri einnig á skorti á þekkingu á aðferðafræði og tækjum stefnumótunar sem stæði skólaþróun og nýbreytnistarfi fyrir þrífum og ýmsar mýtur væru í gangi um árangur og vellíðan. Þá kom einnig til tals hversu áhrifamikill skólastjóri væri og hann yrði að vera leiðtogastarfinu vaxinn, áræðinn og hafa



kjark og þor til að breyta og taka „óvinsælar“ ákvarðanir í þágu betra skólastarfs.

Þáttur foreldrasamstarfs kom til umræðu og nauðsyn þess að það væri gagnvirk en ekki einstefnumiðað, frá skóla til heimilis. Foreldrar væru gríðarlega mikilvægt „aðfang“, sbr. erindi Róberts, og fram kom að eitt helsta einkenni eins af nýjstu skólum borgarinnar væri foreldrasamstarf og sam-ábyrgð alls starfsmannahóps skólans á öllum nemendum. Það þarf að virkja foreldra með markvissari hætti til þess að efla námsárangur barnanna. Þeir eru mikilvægasta breytan í því samhengi, geta stutt vel við kennsluna en verða að sjá tilgang með því að taka þátt.

Varðandi nýtingu fjármagns þá gilda ákveðnir rammar og framkvæmd og áherslur í skólastarfi þurfa að rúmast þar innan. Umræða spannst um áhrif kjarasamninga á skipulag skólastarfs ásamt bókun 5¹ og lið 2.1.2² í kjarasamningi LN við KÍ vegna grunnskólans og þörf fyrir uppbrot á hefðbundnu starfsumhverfi kennara í grunnskólum. Fram kom að málið snerist ekki eingöngu um bókun 5 heldur einnig viðhorf og vinnubrögð í skólanum. Bókun 5 væri í raun einungis ávísun á tiltekið verklag og ekki æskilegt að færa módelið yfir á aðra skóla án aðlögunar að hverjum skóla fyrir sig. Leggja þarf drög að farsælu skólastarfi með gleðina að leiðarljósi. Þá verður hægt að ná árangri og skilvirkni í skólastarfi. Rætt var um mikilvægi þess að móta menningu skóla og þátt stjórnenda, starfsfólks og nemenda ásamt eflingu tengsla við foreldra og grenndarsamfélag í þessu skyni. Mikilvægt væri að vinna markvisst að því að byggja upp jákvæðan skólabrag með þátttöku sem flestra hagsmunaaðila.

Í Norðlingaskóla og Sjálandsskóla í Garðabæ hafa verið keyptir tímar af kennurum skv. bókun 5 og gr. 2.1.2 og vilja stjórnendur halda áfram á þessari braut. Mikil ánægja hefur verið með þetta nýja fyrirkomulag en ekki er komið í ljós hvort námsárangur hafi batnað. Teymisvinna kennara

1 Samningsaðilar eru sammála um að skapa tækifæri á samningstímabilinu fyrir grunnskóla að taka upp í tilraunaskyni til eins skólaárs í senn, hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum, þ.e. á tímabilinu kl. 8:00-17:00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara (kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar).

2 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálrsræði um, hvenær vinnuskylda er gegnt. Leita skal samþykkis viðkomandi stéttarfélags, þegar heimilda þessara er neytt.

og markviss áætlanagerð hefur aukist til muna og nemendur njóta góðs af. Þeir verða t.a.m. lítið varir við breytingar vegna forfalla. Í Reykjavík er kostnaður ekki meiri en við aðra skóla því ákveðin hagræðing kemur á móti, þar eru t.a.m. engir deildarstjórar en ákveðinn stjórnunarkvóti kemur þess í stað og sparnaður verður vegna fyrirkomulags forfallakennslu. Fram kom að fleiri skólar hafa áhuga á að feta þessa slóð en nauðsynlegt er að hagræða þannig að reglubundin fjárframlög dugi. Í Garðabæ kallaði nýtt skipulag á aukinn kostnað í fyrra en í ár verða sömu fjárveitingar og til annarra skóla. Þarna gefast því augljóslega tækifæri til þess að nýta fjármagnið betur með þróunarstarfi í þágu nemenda.

Talsvert var rætt um kostnaðarsama pósta í skólalaldi og hvernig þeir hefðu þróast undanfarin ár. Á þessu þyrfti að gera markvissa greiningu til þess að komast að rót vandans annað væru getgátur. Ekki mætti aðgreina faglega þætti frá fjármálalegum, þá umræðu yrði að taka í samhengi. Kennslukostnaður virtist ekki hafa aukist svo mjög, kom fram, en félagsþjónusta ýmis konar innan skólanna hefði færst í vöxt. Staða Íslands í samanburði við önnur lönd kom til tals og hvaða þættir skæru sig úr hérlendis sem eru dýrari hér í skólarekstri en annars staðar. Þátttakendur töldu mikilvægt að auka meðvitund um kostnað við rekstur skólanna. Dýr sérfræðiþjónusta kom til tals, og séraðstoð ýmis konar við nemendur, sem færst hefur mjög í vöxt. Sú aðstoð ætti að verða í ríkara mæli við kennara sjálfa (sbr. erindi Kristins Kristjánssonar) svo þeir eflist í starfi. Þá var úrræðaleysi heilbrigðisþjónustunnar talið valda miklum aukakostnaði og geyst hefði verið farið í að skipuleggja skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðaða kennsluhætti sem kallaði á breytt og dýrara vinnulag með fækkun nemenda á hvert stöðugildi, aukna sérfræðiþjónustu o.s.frv. Rekstrarkostnaður vegna bygginga, umhverfis og búnaðar væri einnig gríðarlega hár og vangaveltur spunnust um það hvort okkur hætti til þess að leggja of mikla áherslu á umbúðirnar á kostnað innihaldsins. Í þessu samhengi var rætt um Hjallastefnumódelið þar sem kennsluhættir væru stokkaðir upp, fjármagnið gjörnýtt og umbylting gerð í leikskólastarfi. Þátttakenda nefndi að þar væri greinilega rekstrarlegi þátturinn að stýra starfi leikskólans til hins betra.

Umræða spannst um þróun kennarastarfsins og hvort það hefði þróast í þá átt sem Kristinn kom inn á í sínu erindi, þ.e.



alltof miklum tíma væri varið í önnur störf en kennslu og undirbúning hennar og sérfræðiþjónustan hefði tekið of mörg verkefni af kennaranum sem hann ætti að vera fær um að sinna að einhverju leyti sjálfur í kennslustofunni og í samráði við foreldra. Styrkja þarf grundvöll þess sem fram fer í kennslustofunni þar sem kennarinn er lykilpersóna hvað varðar námsáhuga og -árangur nemenda. Úr því mikilvægi mætti ekki draga með sífellt nýjum stöðugildum. Í þessu samhengi kom fram að ýmsar áherslur kjarasamninga gætu ýtt undir það að rýra gildi kennarastarfsins enn frekar því við það að taka að sér ýmis önnur störf en almenna kennslu, sbr. umsjón með tölvustarfi eða verkefnisstjórn hækka launin, þau virðast þannig metin til hærri launa en almenn kennsla. Skoða þyrfti umbúðalaust hver raunveruleg framleiðni vinnuafis í skólastarfi væri að mati eins þátttakenda.

Áhrif kennaraforystunnar, og áherslur hennar í tengslum við kjarasamninga undanfarin ár, komu til tals, svo sem varðandi lækkun kennsluskyldu, fækkun nemenda í bekkjum, fjölgun stjórnunarheita og annars starfsliðs en kennara, aukið svigrúm fyrir önnur störf en kennslu, ein skilgreining gildi fyrir vinnutíma allra kennara óháð kennslugreinum o.s.frv. Talað var um að komið væri að þolmörkum hjá sveitarfélögum og ekki væri hægt að bæta endalaust í. Kennaraforystan þyrfti að snúa við blaðinu og beina sjónum í meira mæli að faglegum áherslum, skipan og árangri kennsluhátta og áhrifum þeirra á námsárangur. Alltof mikil áhersla hefði verið lögð á kjaramál stéttarinnar á kostnað innra starfs og umræðu um faglega þróun og nýbreytni. Nýir kjarasamningar myndu liðka til fyrir slíkri umræðu ásamt um betri nýtingu fjármagns. Fram kom að slíkt starf væri þegar hafið með sameiginlegri vinnu að framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til ársins 2020, sem FG, SÍ og fulltrúar sveitarfélaganna unnu að árið 2007-8 og endurspegladist m.a. í markmiðum í nýjum kjarasamningum SÍ og FG og staðfesti vinnulag í þessa veru.³ Það væri því full ástæða til bjartsýni.

Að lokum kom fram að grundvallarforsenda til framþróunar skólastarfs í sveitarfélagi væri að byggja upp traust milli rekstraradila og skólasamfélagsins og reyna að uppræta tortryggni milli þessarar megin hagsmunadila um skólastarf. Töldu þátttakendur að með sameiginlegri vinnu þeirra að skóla- og fræðslustefnu sveitarfélags væru stigin markviss skref í þessa átt.

³ Á samningstímanum verði unnið áfram að sameiginlegri sýn aðila í skólamálum og frekari greiningu á kjarasamningi aðila, sbr. samkomulag frá mars 2007. Jafnframt verði undirbúnar eftir atvikum breytingar á kjarasamningi til að styðja við framgang sameiginlegrar skólustefnu.



